



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 7/2007

Kvörtun OSG hf. yfir notkun Orku ehf. á firmanafninu

I.

Erindið

Með erindi, dags. 25. október 2005, til Neytendastofu kvartar Guðmundur Ingvi Sigurðsson hdl., f.h. OSG hf., yfir notkun Orku ehf. á firmanafninu Orka. Þess er krafist að viðurkennt verði að Orku sé óheimilt að nota heitið sem firmanafn eða annað auðkenni fyrir þjónustu sína þar sem það brjóti gegn 5. og 12. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Einnig er þess krafist að viðurkennt verði að störf Páls Helga Guðmundssonar hjá Orku brjóti gegn 2. og 4. mgr. 13. gr. laga nr. 57/2005.

Í erindinu segir að í lok árs 1999 hafi fyrirtækin Orka og Snorri G. Guðmundsson sameinast í félagið Orka-Snorri G. Guðmundsson. Nafninu hafi síðan verið breytt í OSG en markaðssetning fyrirtækisins hafi þó alltaf verið bundin við nafnið Orka og Orka-Snorri G. Árið 2004 hafi Páll Helgi Guðmundsson, þáverandi framkvæmdastjóri félagsins, selt hlut sinn í fyrirtækinu og við söluna hafi verið gert heiðursmannasamkomulag þess efnis að Páll skuldbindi sig til að fara ekki í samkeppnisrekstur við OSG. Ári síðar hafi Páll hins vegar stofnað fyrirtækið Orka sem sé á sama markaði og OSG. Ekki sé ásættanlegt að fyrrverandi starfsmaður OSG geti nýtt sér margra ára uppbyggingu og markaðssetningu og náð til sín viðskiptum með því að nýta sér auðkenni sem augljóslega megi rugla saman við firmanafn fyrirtækisins.

Tekið er fram að vörumerkið Orka sé í eigu Forritunar AKS hf. og það sé í flokki 9, hugbúnaður. Þar sem engin ruglingshætta sé milli hugbúnaðar og bifreiðavarahluta telji OSG að vörumerkjavernd þess á orðinu Orka á bifreiðavarahlutamarkaðnum sé óskert. Bæði OSG og Orka séu á þeim markaði og þjónustumarkaði honum tengdum og því sé ruglingshætta með þeim. OSG hafi um árabil markaðssett nafnið Orka-Snorri G. og í öllum auglýsingum og bæklingum fyrirtækisins sé nafnið Orka mjög áberandi. OSG noti lénið orka.is og allir starfsmenn hafi viðskeytin @orka.is í tölvupóstföngum sínum. Ljóst sé því að með notkun og eignarrétti á lénheitinu hafi OSG unnið til fullgilds vörumerkjaréttar yfir nafninu Orka og allri þeirri vernd sem slíkum réttindum fylgi.



Engin önnur ástæða geti legið að baki nafngift hins nýja félags en sú að rugla viðskiptavinum OSG í ríminu og nafnið Orka sé ekki tengt bifreiðavarahlutamarkaðnum á annan hátt en í gegnum OSG. Vart hafi orðið við rugling þegar OSG hafi borist staðfesting fyrir pöntun sem ætluð hafi verið Orku og viðtakandi bréfsins hafi verið fyrrverandi starfsmaður OSG en nú starfsmaður og meðstjórnandi Orku. Leiða megi líkur að því að upplýsingar um þennan ákveðna viðskiptavin hafi Páll fengið í gegnum starf sitt hjá OSG og það sé brot gegn 2. mgr. 13. gr. laga nr. 57/2005. Ekki sé verið að brjóta á atvinnuréttindum Páls með því að meina honum að starfa hjá Orku enda hafi hann sjálfur lýst því yfir að hann myndi ekki fara í samkeppnisrekstur við OSG við starfslok sín þar. Hann sé ekki sérstaklega menntaður á þessu sviði heldur hafi hann verið vörubílstjóri áður og því sé ekki verið að meina honum að starfa á sérfræðisviði sínu.

II.

Málsmeðferð

1.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 28. október 2005, var erindi OSG sent Orku til umsagnar. Svar barst frá Heiðari Ásberg Atlasyni hdl., f.h. Orku og Páls Helga Guðmundssonar, dags. 9. desember 2005.

Þar er því alfarið hafnað að markaðssetning OSG hafi alltaf verið bundin við nafnið Orka og Orka-Snorri G. Engin gögn hafi verið lögð fram um þetta enda sé nafnið OSG notað og beri kvartandi sönnunarbyrðina fyrir öðru. Unnt sé að komast á heimasíðu OSG í gegnum orka.is og osg.is en fyrrnefnda síðan virðist vera hliðarsíða sem beini tölvunotendum á síðu OSG. Á forsíðunni séu grunnupplýsingar um OSG og þar komi skýrlega fram að heimasíðan sé osg.is en ekki orka.is. og í fréttum og tilkynningum á heimasíðunni komi ávallt fram nafnið OSG en ekki Orka eða Orka-Snorri G. Ekki sé rétt að lénið orka.is sé í eigu OSG því lén séu ekki undirorpin eignarrétti auk þess sem skráður réttihafi sé Poulsen hf. sem sé eigandi OSG. Þá sé rangt að allir starfsmenn OSG hafi netföng með endingunni @orka.is því á lista yfir starfsmenn á heimasíðu fyrirtækisins beri netföngin endinguna @osg.is. Því hafi ekki verið sýnt fram á notkun firmaheitisins eða vörumerkisins Orka í markaðssetningu þannig að ruglingshætta sé vegna notkunar Orku.

Bent er á að stofnun eignarréttar samkvæmt vörumerkjarétti geti eingöngu verið með skráningu í vörumerkjaskrá eða með notkun vörumerkis. OSG hafi ekki skráð vörumerkið Orka í vörumerkjaskrá og ekki notað eða markaðssett nafnið Orka-Snorri G. og því hafi fyrirtækið ekki rétt á vörumerkinu. Þá er tekið fram að ekkert sé



óeðlilegt við það að bréf fari á rangan stað eins og að starfsmaður Orku fái póst sendan á fyrri vinnustað sinn.

Ekki sé rétt að fyrirtækin Orka og Snorri G. Guðmundsson hafi sameinast í félagið Orka-Snorri G. Guðmundsson. Ekki hafi verið um samruna eða sameiningu að ræða heldur hafi fyrirtækin staðið sameiginlega að stofnun nýs félags en bæði fyrirtækin hafi lifað áfram sjálfstæðu lífi. Árið 2004 hafi Páll selt hlut sinn í OSG og í kaupsamningi hafi ekkert komið fram sem bendi til þess að banna ætti honum að nota áfram firmanafnið Orka. Óhugsandi væri að ekki hefði verið tekið á málum sem varða firmaheiti eða vörumerki með skýrum hætti í samningnum ef svipta hefði átt Páll rétti til að nota firmaheitið Orku enda hafi það nafn verið notað allt frá árinu 1988.

Því er mótmælt að gert hafi verið heiðursmannasamkomulag þess efnis að Páll færi ekki í samkeppnisrekstur við OSG við sölu hans hlutar í félaginu. Í kaupsamningnum sé ekki með neinum hætti, hvorki beinum né óbeinum, minnst á að Páll skuldbindi sig til þess að starfa ekki aftur við sölu á varahlutum í bíla eða þess háttar starfsemi. Hefði það verið ætlun aðila hefði verið lítið mál að nefna það í samningnum en það hafi ekki verið gert og ekki heldur rætt. Kvartandi beri alla sönnunarbyrði fyrir því að heiðursmannasamkomulag um hömlur á atvinnufrelsi hafi verið gert og þá hvers efnis slíkt samkomulag hafi verið en slík sönnun hafi ekki tekist.

Tekið er fram að allar hömlur á atvinnufrelsi þurfi að vera skýrar og ótvíræðar enda sé frelsi manna til að stunda atvinnu verndað ríkulega af stjórnarskrá Íslands og Mannréttindasáttmála Evrópu. Ákvæði 13. gr. laga nr. 57/2005 um vernd rekstrar- og atvinnuleyndarmála sem hefti atvinnufrelsi sé undantekning og því beri að túlka allan vafa þeim í hag sem sakir eru bornar á. Enginn vafi sé á að ákvæðið geti ekki átt við og öll sönnunarbyrði hvíli á kvartanda sem hafi ekki sannað að Páll hafi nýtt sér atvinnuleyndarmál úr fyrra starfi sínu.

Í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 36/1998 í máli Afurðasölu hf. gegn Kjötumboðinu hf. hafi m.a. reynt á hvort tilteknir starfsmenn hefðu brotið gegn 27. gr. samkeppnislaga (nú 13. gr. laga nr. 57/2005). Þar komi fram að aðeins þær upplýsingar sem talist geti atvinnuleyndarmál njóti verndar ákvæðisins og þannig geti t.d. almennar upplýsingar sem starfsmaður fái við eðlilega starfrækslu og verði hluti af almennri þekkingu á viðkomandi sviði ekki talist atvinnuleyndarmál í skilningi laganna. Samkeppnisráð hafi ekki aðhafst í málinu þrátt fyrir að skýrt orðað ákvæði hafi verið í samningi sem bannaði samkeppnisrekstur í tiltekinn tíma þar sem ekkert hafi bent til þess að brotið hafi verið gegn samkeppnislögum.



2.

Guðmundi Ingva Sigurðssyni hdl., f.h. OSG, var sent svar Orku til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 14. desember 2005. Svar Orku er dagsett 30. desember 2005.

Í svarinu segir að rangt sé að markaðssetning sé bundin við nafnið OSG en ekki Orka-Snorri G. Nafni félagsins hafi verið breytt í OSG árið 2003 til að auðvelda samskipti við birgja og þá sérstaklega erlenda birgja þar sem nafnið Orka-Snorri G. Guðmundsson gæti reynst erlendum aðilum óþjálta í munni sem og á prenti. Markaðssetning OSG hafi þó ekki hafist að neinu marki fyrir utan að lénið osg.is hafi verið tekið frá. Það sjáist einna helst á því að allir reikningar frá innlendum og erlendum birgjum séu enn stílaðir á Orka-Snorri G. Guðmundsson enda séu pantanir sendar út undir því nafni. Öll markaðssetning byggir á þeirri viðskiptavild sem fylgi nafninu Orka-Snorri G. og sjáist það vel á fasteignum fyrirtækisins, bílum, verkbeiðnum, pöntunum, kvittunum og auglýsingum. Ástæða þess að mikilvægt sé að halda fast í Orka-Snorri G. nafnið sé sú að margar vörutegundir séu beintengdar nafninu í huga neytenda, t.d. DuPont bílalakkið. Einnig hafi Orka-Snorri G. skapað sér mikla viðskiptavild með bílrúðu- og ísetningarþjónustu sinni sem Orka vilji nú nýta sér.

Bent er á að síðan Poulsen hf. hafi keypt OSG hafi miklar breytingar orðið á rekstri fyrirtækisins og OSG hafi þurft að flytja starfsemi sína. Það hafi komið niður á m.a. heimasíðugerð félagsins en til standi að lagfæra og samræma heimasíðuna. Á meðan hafi allir starfsmenn fyrirtækjanna tölvupóstföng með endingunum @osg.is, @orka.is og @poulsen.is. OSG sé rétt hafi lénsins orka.is sem veiti honum þar með fullgilda vörumerkjavernd yfir nafninu Orka.

Orka nýti sér ruglingshættuna milli fyrirtækjanna í auglýsingum og hafi sett upp stórt skilti fyrir utan starfsstöð sína þar sem á standi Orka Bílrúður/Ísetningar en OSG bjóði upp á þessa þjónustu með orðunum Bílrúður og ísetningar Orka-Snorri G. Guðmundsson. Neytendur geti ekki gert greinarmun milli þessara auglýsinga og auðvelt sé að álykta að um eitt og sama fyrirtækið sé að ræða.

Tekið er fram að sé leitað eftir orðinu Orka í símaskránni á netinu komi í fyrstu línu nafnið Orka-Snorri G. Guðmundsson. Á eftir því komi Orka, Orka bílrúður og Bílrúður Orka. Enn neðar komi svo Bílrúðuísetningar Orka-Snorri G. Auðvelt sé fyrir neytendur að álykta að Orka, Orka bílrúður og Bílrúður Orka sé deild innan OSG og ljóst sé að margir hafi misskilið auglýsingarnar og farið til Orku en talið sig hafa leitað til OSG.



Þrátt fyrir að ekki væri fyrir hendi skriflegur samningur milli fyrrverandi eigenda OSG að láta af notkun á nafninu Orka þá sé ljóst að gert hafi verið einhvers konar samkomulag. Báðir aðilar hafi breytt nöfnunum á fyrirtækjum sínum, þ.e. Orka í Ný-Orka og Snorri G. Guðmundsson í Greiningu til þess að láta hið nýstofnaða fyrirtæki Orka-Snorri G. njóta óskert þeirrar viðskiptavildar sem til staðar var og koma í veg fyrir ruglingshættu.

Þá hafi nafnið Orka enga tengingu við bílavarahlutamarkaðinn í heild sinni nema í gegnum OSG og Orka vilji nýta sér með ólögumætum hætti þessi tengsl. Nafnið hafi enga persónulega þýðingu fyrir eiganda Orku enda hafi hann áður breytt nafni eldra fyrirtækisins Orku í Ný-Orku. Engar ástæður hafi komið fram hvers vegna það nafn sé ekki notað við rekstur hans nú. Álykta megi að eina ástæða þess að Páll notist við nafnið Orka nú sé að skaða rekstur OSG og valda ruglingi meðal neytenda.

Að lokum segir að óþarft sé að meina aðilum í samningum að nýta sér atvinnuleyndarmál eftir starfslok þar sem slíkt bann sé lögfest, sbr. 13. gr. laga nr. 57/2005. Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 36/1998 geti ekki haft fordæmisgildi þar sem ekki sé sama ruglingshætta á nöfnum fyrirtækjanna. Lögð hafi verið fram gögn sem sanni að Orka hafi haft samband við viðskiptavini OSG og eðlilegt sé að Páll beri sönnunarbyrði fyrir því að hann hafi ekki nýtt sér atvinnuleyndarmál OSG.

3.

Bréf OSG var sent Heiðari Ásberg Atlasyni hdl., f.h. Orku, til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 9. janúar 2006. Svar hans er dagsett 14. febrúar 2006 og eru þar fyrri rök ítrekuð.

Í svarinu segir að það sé rangt að nafni fyrirtækisins hafi verið breytt í OSG árið 2003 til að auðvelda samskipti við birgja. Hið rétta sé að fram hafi farið nafnasamkeppni meðal starfsmanna og eigenda fyrirtækisins og í framhaldinu hafi verið ákveðið að breyta nafninu í OSG en það hafi ekkert með markaðssetningu eða erlenda birgja að gera.

Heimasíða OSG hafi verið uppfærð verulega en varla sjáist neitt annað en heitið Poulsen í stílfærðu lettri efst á síðunni og það geti ekki talist markaðssetning undir heitinu Orka-Snorri G. Lénin osg.is og orka.is séu ekki sjálfstæðar heimasíður heldur vísi þær beint á síðuna poulsen.is þar sem markaðssetning fari fram undir því heiti og engin tenging sé við heitið Orka.

Þá sé samanburður á beintengingu viðskiptavina við ýmsar vörutegundir einkennilegur. Tengingin við DuPont framleiðandann eigi sér enga laga- eða raunveruleikastoð. Neytendur hafi engin tengsl milli nafnsins Orka og þeirra



vörutegunda sem OSG selur líkt og menn gera varðandi DuPont og þær vörutegundir sem tilheyra þeim framleiðanda. Þessi samlíking eigi því einfaldlega ekki við.

Tekið er fram að fullyrðing kvartanda um að réttur yfir léninu orka.is veiti fullgilda vörumerkjavernd yfir nafninu Orka sé kolröng. Séu reglur Internets á Íslandi hf. og ICANN skoðaðar í samhengi við vörumerkjarétt sé alveg skýrt að lénaskráning veiti ekki fullgilda vörumerkjavernd. Vörumerkjaréttur geti aðeins stofnast með skráningu í vörumerkjaskrá eða með notkun á heitinu. Notkun á léninu orka.is þar sem heitið Orka komi varla fram geti ekki talist vera notkun í skilningi vörumerkjaréttarins og hafi því engin áhrif.

Varðandi tilvísun í skráningu Orku í símaskránni er bent á að vissulega komi bæði fyrirtækin upp sé nafnið Orka slegið inn auk fjölda annarra aðila. Hins vegar komi bæði nöfnin skýrlega fram, nöfnin séu ekki lík, starfsemin á sitt hvorum staðnum og það sé því bersýnilegt að ekki sé um sama aðila að ræða. Tilvísun til Orku bílrúða og Bílrúður Orka tilheyri aðeins Orku enda séu það undirlínur hjá Orku.

Rangt sé að nafnið Orka hafi enga persónulega þýðingu fyrir Pál, eiganda Orku, því hann hafi komið fram með nafnið, stofnað fyrirtæki með því heiti árið 1988 og rekið það síðan auk þess að nota vörumerkið og firmaheitið. Breyting nafnsins í Ný-Orku hafi ekki verið gerð til að afsala réttindum yfir nafninu, enda hefði þá þurft að taka það sérstaklega fram sem ekki hafi verið gert. Nafnabreytingar á Orku í Ný-Orku og Snorra G. Guðmundssyni í Greiningu hafi ekki verið gerðar til að láta hið nýja félag, OSG, láta óskert njóta allrar viðskiptavildar heldur til að einfalda utanumhald og skýra eignarhald frá rekstri.

Tekið er fram að þegar kvartandi haldi því fram að ákvörðun samkeppnisráðs nr. 36/1998 hafi ekkert fordæmisgildi sé hann að blanda saman málunum tveimur, annars vegar gegn Orku og hins vegar gegn Páli persónulega. Um sé að ræða tvö aðskilin mál sem byggja á aðskildum ákvæðum sömu laga. Ruglingshættumat vörumerkjaréttarins hafi engin áhrif á mál OSG gegn Páli persónulega. Páll hafi ekki með neinum hætti nýtt sér atvinnuleyndarmál á nýjum vinnustað og OSG reyni ekki að rökstyðja hvernig það hafi verið gert. Loks beri að hafna því að sönnunarbyrðinni verði snúið við.

4.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 17. febrúar 2006, var málsaðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að fyrirsjáanlegar væru tafir á afgreiðslu málsins sökum mikils málafjölda í meðferð hjá stofnuninni. Með bréfi, dags. 7. júlí 2006, tilkynnti Neytendastofa enn um töf á afgreiðslu málsins.



Með bréfi Neytendastofu, dags. 12. febrúar 2007, var óskað eftir því við OSG ehf. að upplýst yrði hvort fyrirtækið teldi ástæðu til að halda málinu áfram í ljósi þess að engin atvinnustarfsemi er rekin undir nafninu OSG eða Orka-Snorri G.

Svar Huldu Árnadóttur hdl., f.h. OSG, er dagsett 15. febrúar 2007 og þar kemur fram að Poulsen hafi keypt fyrirtækið OSG á árinu 2005 og þeim kaupum hafi fylgt nafnið Orka og viðskiptavild því tilheyrandi. Í lok ársins 2006 hafi OSG verið fellt brott úr fyrirtækjaskrá og starfsemi þess sameinuð Poulsen. Heitið Orka sé hins vegar enn notað sem auðkenni fyrir atvinnurekstur Poulsen og við markaðssetningu vara fyrirtækisins. Þannig hafi fyrirtækið netslóðina www.orka.is, netföng starfsmanna endi á @orka.is, verkstæðið heiti Orka og reikningar, kynningarbæklingar og plastpokar fyrirtækisins séu merktir Orka-Snorri G. Þá sé óskað eftir því að úr málinu verði skorið.

Svar Huldu Árnadóttur hdl., f.h. OSG, var sent Heiðari Ásberg Atlasyni hdl., f.h. Orku, til upplýsingar með bréfi Neytendastofu, dags. 7. mars 2007. Með tölvupósti, dags. 12. mars 2007, mótmælir hann efni bréfsins og bendir á að fátt styðji fullyrðingar um notkun Poulsen á heitinu orka í starfsemi félagsins. Engin notkun virðist vera á heimasíðu fyrirtækisins sem sé www.poulsen.is en www.orka.is sé spegill þeirrar síðu. Þá hafi engar sönnur verið færðar á að nafnið orka og tengd viðskiptavild hafi tengst kaupum Poulsen á OSG árið 2005. Netföng starfsmanna Poulsen séu með endinguna @poulsen.is en ekki @orka.is og hvergi sé minnst á heitið Orka í sögu félagsins þannig að ekki sé mikið gert úr þýðingu þessa auðkennis fyrir starfsemi Poulsen.

III. Niðurstaða

1.

Í máli þessu kvartar OSG hf. yfir notkun Orku ehf. á firmanafninu Orka. OSG segir markaðssetningu fyrirtækisins alltaf hafa verið bundna við nafnið Orka og Orka-Snorri G. og þegar Páll Helgi Guðmundsson, þáverandi framkvæmdastjóri félagsins, hafi selt sinn hlut í fyrirtækinu hafi hann skuldbundið sig til að fara ekki í samkeppni við OSG. Páll hafi hins vegar stofnað fyrirtækið Orka sem sé á sama markaði og OSG og hann sé að nýta sér upplýsingar úr starfi sínu hjá OSG til að ná til sín viðskiptum. Að mati OSG hefur Orka brotið gegn 5. og 12. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins með notkun firmanafnsins og Páll brotið gegn 2. og 4. mgr. 13. gr. laga nr. 57/2005 með því að nýta sér atvinnuleyndarmál OSG.



Fyrirtækið OSG hefur nú verið sameinað Poulsen og felld brott úr fyrirtækjaskrá. Það fer því engin starfsemi fram undir heitinu OSG eða Orka-Snorri G.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 kemur fram að óheimilt er að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda. Ákvæðið er almenn vísiregla að því er varðar viðskiptasiðferði og er ætlað að stuðla að góðum siðum í viðskiptum. Einnig er vísað til 12. gr. laganna og hljóðar hún svo:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti“

Í 12. gr. felst almenn samkeppnisregla um vernd auðkenna og er hún til fyllingar á vörumerkjavernd eins og sést glöggt af lögskýringargögnum, s.s. greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga. Fyrri málsliður greinarinnar hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Samkvæmt greinargerðinni skiptir ákvæðið máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veiti auðkennum.

Orka-Snorri G. Guðmundsson var skráð auðkenni fyrirtækisins OSG hf. í firmaskrá og því kemur 2. ml. 12. gr. til álita í máli þessu. Ber þá að líta til þess hvort villst verði á málsaðilum. Eins og fram hefur komið verður að vera ruglingshætta á milli a.m.k. tveggja fyrirtækja til þess að ákvæði 12. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti eigi við. Við meðferð málsins hjá Neytendastofu hefur verið upplýst að enginn atvinnurekstur fer fram í nafni OSG eða Orka-Snorri G. Guðmundsson og þegar af þeirri ástæðu falla því málsatvik í máli þessu ekki lengur undir ákvæði 12. gr. Að mati Neytendastofu getur 12. gr. laganna því ekki komið til álita í þessu máli.

Þá fær Neytendastofa ekki séð að Orka hafi brotið gegn ákvæðum 5. gr. laga nr. 57/2005 um góða viðskiptahætti.



2.

Að mati OSG brjóta störf Páls hjá Orku gegn 2. og 4. mgr. 13. gr. laga nr. 57/2005. Í 13. gr. er almennt ákvæði sem stuðlar að vernd atvinnuleyndarmála:

„Óheimilt er í atvinnustarfsemi er lög þessi taka til að afla sér eða reyna að afla sér með ótilhlýðilegum hætti upplýsinga um eða umráða yfir atvinnuleyndarmálum starfseminnar.

Sá sem fengið hefur vitneskju um eða umráð yfir atvinnuleyndarmálum á réttmætan hátt í starfi sínu fyrir annan eða í félagi við annan, sbr. 1. mgr., má ekki án heimildar veita upplýsingar um eða hagnýta sér slík leyndarmál. Bann þetta gildir í þrjú ár frá því að starfi er lokið eða samningi slitið.

Þeim sem vegna starfs síns eða stöðu að öðru leyti hefur verið trúað fyrir uppdráttum, lýsingum, uppskriftum, líkönum eða þess háttar er óheimilt að hagnýta sér eða veita öðrum afnot af slíku án sérstakrar heimildar.

Nú hefur upplýsinga um eða umráða yfir atvinnuleyndarmáli verið aflað á þann hátt að brotið hefur verið gegn ákvæðum 1.–3. mgr. og er þá þeim sem brotlegur er eða þeim sem fengið hafa upplýsingar frá honum óheimilt að færa sér það í nyt.“

Í greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga nr. 8/1993 kemur fram að 29. gr. laganna (nú 13. gr. laga nr. 57/2005) verndi bæði rekstrar- og viðskiptaleyndarmál. Rekstrarleyndarmál varða fremur tæknileg atriði og sem dæmi má nefna tæknilegar ráðstafanir sem nýttar eru við framleiðslu á vöru. Viðskiptaleyndarmál geta verið fólgin í t.d. sérstöku sölu- eða innkaupaskipulagi, skráum yfir viðskiptavinum, sérstakri þekkingu á viðskiptavinum og ýmsum tölfræðilegum upplýsingum.

Almenn þekking og reynsla starfsmanns getur ekki fallið undir það að vera atvinnuleyndarmál. Til þess að svo sé þarf að liggja fyrir þekking sem er sérstaklega bundin við viðkomandi rekstur og skiptir máli fyrir starfseminu. Af gögnum málsins verður ekki séð að störf Páls séu með þeim hætti að þau brjóti gegn 13. gr. laga nr. 57/2005.

Neytendastofa telur ekki ástæðu til frekari afskipta af máli þessu með vísan til framangreinds.



**IV.
Ákvörðunarorð:**

„Ekki er ástæða til aðgerða í máli þessu.“

Neytendastofa, 15. mars 2007